

## Minnisblað

Tillaga Umhverfisstofnunar (UST), Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) og Vegagerðarinnar að tilhögun undanþáguveitinga á akstri og umgengni á friðlýstum svæðum á hálendinu mars 2018

Stefna UST, VJP og Vegagerðarinnar er þessi:

1. Undanþáguveitingar koma til greina frá og með meðaltalsdagsetningu<sup>1</sup> opunar fjallvega en ekki fyrr. Ferðaþjónustuaðilar geta fengið undanþágur þau ár sem ekki er hægt að opna vegi og friðlýst svæði fyrir almennri umferð fyrr en eftir þessa dagsetningu, nema ástand vega og svæðanna leyfi það alls ekki. Þau ár sem vel vorar og vegir og svæði opnast fyrir meðaltalsdagsetningu kemur ekki til undanþáguveitinga.
2. Samstarf verður á milli Vegagerðarinnar, UST og VJP um að meta ástand vega og friðlýstra svæða að vori með sameiginlegum vettvangsferðum. Slíkt samstarf hefur áður gengið vel. Að ábendingu frá Landsbjörgu er stefnt á að fulltrúar björgunarsveita verði upplýstir um þessar vettvangsferðir og/eða komi með í þær til að kynna sér aðstæður m.t.t. öryggismála.
3. Könnun á vegum og friðlýstum svæðum verður skipulögð í samráði Vegagerðarinnar, UST og VJP og björgunarsveita ef svo ber undir, þegar tilefni er til miðað við aðstæður og veðurfar.
4. Þegar undanþáguveitingar hefjast ár hvert verða viðbragðsaðilar á viðkomandi svæði upplýstir um það.
5. Bæði UST og VJP geta stuðst við lagaákvæði til að loka svæðum og koma í veg fyrir undanþáguveitingar ef tilefni er til, s.s. ef hætta er á tjóni eða truflun á náttúru og lífríki: UST í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, 25. gr. og VJP í sérlögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007, 15. gr. og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008, gr. 32. Vakin er athygli á því að þessum ákvæðum er ekki beitt nema brýna nauðsyn beri til.
6. Vegagerðin hefur heimild til að loka þjóðvegum á grundvelli 48. gr. vegalaga nr. 80/2007, sbr. reglur Vegagerðarinnar fyrir umferð nr. 525/2015. Veitingar undanþága frá slíku banni skv. reglunum takmarkast við þá aðila sem hafa m.a. almennt rekstrarleyfi, leyfi Ferðamálastofu o.fl. sbr. 5. gr. reglnanna.
7. Áfram verður stuðst við þau skilyrði sem UST, VJP og Vegagerðin settu til undanþáguveitinga 2015 og 2016, s.s. lágmarks stærð dekkja og að leiðsögumaður sé með í för og beri ábyrgð á ferðamönnum. Friðlýsingarskilmálar verndarsvæða og viðeigandi lög og reglugerðir kveða á um frekari skilyrði við umgengni á hverju svæði.
8. UST og VJP tryggja landvörslu á friðlýstum svæðum a.m.k. frá og með þeirri dagsetningu sem undanþágur eru veittar. Mönnun í landvörslu er háð fjármagni í málaflokkinn og er sveigjanleiki stofnananna til að manna stöður fyrr en venjulega alla jafna lítill. Við opnun vega á vorin hefur Vegagerðin lagfært úrrennsli, hefлаð vegi og fleira. Auk þess hefur verið hefлаð í eitt eða tvö skipti yfir sumarið, þó háð fjármagni.

---

<sup>1</sup> Sjá töflu á heimasíðu Vegagerðarinnar:  
<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/fjallvegir/>

9. Sjónarmið stofnananna að baki þessari stefnu um akstursundanþágur fellst í vernd náttúru og innviða. Þegar frost er að fara úr jörðu eru vegir, jarðvegur og gróður viðkvæmt fyrir allri umferð.
10. Vegagerðin yfirfer töfluna yfir opnunardagsetningar árlega. Meðaltalsdagsetningin yfir fimm ára tímabil getur breyst lítillega á milli ára en sú breyting verður ljós með a.m.k. hálfis árs fyrirvara. UST og VJP munu halda úti sambærilegri töflu yfir þá slóða innan sinna svæða sem ekki eru á ábyrgð Vegagerðarinnar. Þessar upplýsingar verða birtar á vefsíðum UST, VJP og Vegagerðarinnar.
11. Stefnt er að því að undanþáguferlið verði samræmt yfir allt landið til að gæta jafnræðis og kannaður verður möguleiki á að hafa ferlið rafrænt.
12. Undanþáguveitingar undanfarinna tveggja ára hafa fallið nokkurn veginn á meðaltalsdagsetningu opunar síðustu fimm ára á hverjum stað, að Öskjuleið (F88) frátalinni. Meðaltalsdagsetningin er talin gefa góða hugmynd um hvenær raunhæft sé að ætla að vegir, umhverfi og innviðir, s.s. hreinlætisaðstaða, séu tilbúnir fyrir umferð. Hún er einnig skýrt viðmið fyrir UST og VJP um hvenær varsla á svæðunum þurfi að vera hafin.

Tillagan sem hér er lögð fram verður endurmetin ef þörf er talin á. Þeir sem hafa ábendingar eða athugasemdir varðandi efni þessa minnisblaðs eru beðnir að hafa samband við eftirfarandi aðila hjá viðkomandi stofnunum:

**Hákon Ásgeirsson, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun**

[hakon@ust.is](mailto:hakon@ust.is)

**Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður hjá Vatnajökulsþjóðgarði**

[fanney@vjp.is](mailto:fanney@vjp.is)

**Nicolai Jónasson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni**

[nj@vegagerdin.is](mailto:nj@vegagerdin.is)